

Í váttryggingarskilmálum þessum eru hugtökin *félagið*, *váttryggingartaki* og *váttryggður* notuð í sömu merkingu og í lögum um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, sbr. 2. gr. laganna. Orðasambandið *sá sem tryggður* er merkir þann einstakling sem félagið ber áhættuna af að slasist eða veikist.

I. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Gildistaka og iðgjaldgreiðslur

Váttryggingin gildir frá þeim tíma, sem greindur er í skírteininu. Fyrsta iðgjald fellur í gjalddaga þann dag sem váttryggingin tekur gildi.

Verði fyrsta iðgjald eigi greitt þegar þess er krafist er ábyrgð félagsins lokið. Sama gildir séu síðari iðgjöld eigi greidd innan viku frá því að þeirra er krafist.

Váttryggingin gildir í eitt ár í senn, sé annars ekki getið í skírteininu og hafi váttryggingartaki eða félagið ekki sagt henni upp einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins.

Félaginu er heimilt, er váttryggingaratburður verður, að segja váttryggingunni upp með 14 daga fyrirvara. Uppsagnarréttur þessi fellur niður, sé hann ekki notaður innan 14 daga frá því að bætur eru greiddar eða kröfu um þær synjað. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma, sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

Váttrygging til skemmri tíma en árs endurnýjast ekki nema eftir umsókn.

Uppsögn skal vera skrifleg.

2. Hvar váttryggingin gildir

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

Ef sá sem tryggður er dvelst erlendis í meira en hálfu ári í senn er félaginu heimilt að segja váttryggingunni upp fyrirvaralaust gegn því að endurgreiða iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

3. Aldurstakmörk

Váttryggingin gildir einungis í eitt ár frá fyrsta gjalddaga eftir að sá sem tryggður er hefur náð 64 ára aldri, nema öðruvísi sé ákveðið í skírteininu.

Félagið váttryggir ekki börn yngri en 16 ára gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

4. Áhættubreyting

Sérhverja breytingu sem kann að verða á starfi þess sem tryggður er, eða öðrum atriðum sem fram koma í váttryggingarbeiðni og varða áhættu félagsins, ber að tilkynna félaginu tafarlaust svo að það geti dæmt um hvort váttryggingin skuli gilda áfram óbreytt eða með breyttum kjörum.

Láti sá sem tryggður er hjá líða að gefa slíka tilkynningu leysist félagið úr ábyrgð samkvæmt ákvæðum laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

Falli váttryggingin niður endurgreiðist iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

5. Svik og rangar upplýsingar

Skýri váttryggður sviksamlega frá eða leyni atvikum er skipta máli um ábyrgð félagsins, glatar hann rétti sínum á hendur félaginu sbr. 23. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

Um svik og aðrar rangar upplýsingar við samningsgerð fer eftir ákvæðum sömu laga.

6. Takmarkanir á bótaskyldu

Félagið bætir ekki:

6.1 Slyss eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra atvika. Sama gildir um slyss eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgoss, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.

6.2 Slyss eða sjúkdóma er sá sem tryggður er verður fyrir í handalögmálum, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfingis- eða eiturlyfja eða í ölaði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins eða sjúkdómsins.

6.3 Slyss eða sjúkdóma sem verða vegna ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.

6.4 Slyss eða sjúkdóma sem verða vegna stórkostlegs gáleysis þess sem tryggður er eða váttryggðs.

6.5 Slyss eða sjúkdóma sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu nautnalyfja.

6.6 Slyss vegna eitraða lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er.

6.7 Slyss af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

7. Ráðstafanir vegna slyss eða sjúkdóma

Sá sem tryggður er skal leita lækis strax eftir að slyss eða sjúkdóm hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum lækis.

Tilkynna skal slyss og sjúkdóma þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.

Valdi slyss eða sjúkdómur dauða, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er.

Félagið hefur rétt til að láta fara fram krufningu á líki hins látna.

Þegar sjúkdóm eða slyss ber að höndum er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða þann sem tryggður er.

Þegar læknishjálpi lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins eða sjúkdómsins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.

Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

8. Greiðslur bóta

Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða upphæð bóttanna.

9. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum skv. íslenskum lögum.

Ágreiningu um bótaskyldu má skjóta til Tjónanefndar váttryggingafélaganna. Áfrýja má úrskurði Tjónanefndar til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndir þessar og starfshætti þeirra má fá hjá félaginu.

10. Fyrning

Kröfur, sem rísa af skírteini þessu fyrnast á 4 árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafinn fékk vitnesku um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnast þó í síðasta lagi á 10 árum frá því að slyss bar að höndum.

11. Vísitölubinding váttryggingarfjárhæðar og iðgjalds

Váttryggingarfjárhæðir þær sem tilgreindar eru í skírteini eða endurnýjunarkvittum breytast 1. dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við vísitölu neysliverðs á grund-

velli verðlags í byrjun næsta mánaðar á undan miðað við grunnvísitölu þá sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

Ef iðgjald greiðist á fleiri gjaldkögum en einum, skal iðgjald á öðrum og síðari gjaldkögum breytast á sama hátt í hlutfalli við vísitölu neysluverðs.

12. Vísitölubinding bótafjárhæða

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða á slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils en breytast með vísitölu neysluverðs á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á undan eins og hér segir:

12.1 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysdegi til dánardags.

12.2 Örorubætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en þrjú ár frá slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils.

12.3 Dagpeningar breytast á hverjum tíma í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysdegi eða upphafsdegi sjúkratímabils.

13. Breyting á vísitölugrundvelli

Verði breyting á grundvelli vísitölu neysluverðs skal fara að fyrirmælum Hagstofu Íslands um tengingu vísitölu skv. nýjum grundvelli við vísitölu skv. eldri grundvelli.

14. Heimili og varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa kunna vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

II. SLYSATRYGGING

15. Váttryggingarsvið

Félagið greiðir bætur vegna slyss er sá sem tryggður er verður fyrir eins og segir í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum.

Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.

16. Takmarkanir á bótaskyldu vegna sjúkdóma o.fl.

Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand þess sem tryggður er eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var fyrir þegar slysið varð eða skapaðist síðar án þess þá að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem

váttryggingin nær til.

Félagið bætir ekki slys sem beint eða óbeint orsakast af sjóndepru, heyrnardeyfð, lömum, bæklun, geðveiki, flogaveiki, krampa, slagi, sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklun. Þá bætir félagið ekki tjón af völdum sýkingar af skordýrabiti- eða stungu.

Hafi slíkar ástæður verið þess meðvaldandi að sá sem tryggður er missir starfsorku sína um stundarsakir eða varanlega, er einungis greitt fyrir þann starfsorkumissi sem ætla má að hann hefði orðið fyrir ef þessar ástæður hefðu ekki komið til.

Jafnvel þótt slys verði talin sönnuð orsök greiðir félagið ekki bætur vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjós-kloss, þursabits (lumbago ischias), liðagigtar, slitgigtar eða hvers konar annarra gigtarsjúkdóma.

17. Íþróttir, flugferðir o.fl.

17.1 Váttryggingin nær til slysa er verða við almennar íþróttaiðkanir. Undanskilin eru þó slys sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Einnig eru undanskilin slys er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, teygjustökki og fallhlífarstökki.

17.2 Félagið bætir ekki slys, sem verða í flugi, nema að sá sem tryggður er sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.

17.3 Félagið bætir ekki slys sem verða í fjallaklifri, bjargsigi eða froskköfun.

17.4 Sumar af áhættum þeim, sem undanskildar eru í liðum 17.1, 17.2 og 17.3 er þó unnt að innifela í váttrygginguna með áritun á skírteinið.

18. Dánarbætur

Valdi slys dauða þess sem tryggður er innan eins árs frá slysdegi, greiðist upphæð sú sem var í gildi á slysdegi, sbr. 11. og 12. gr. að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.

Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að sá sem tryggður er deyr.

19. Bætur vegna varanlegs líkamstjóns

Valdi slys þeim sem tryggður er varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi sbr. 11. og 12. gr.

19.1 Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri

færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika í eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega, með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

19.2 Vegna 100% örorku greiðist öll váttryggingarfjárhæðin, en við minni örorku hlutfallslega.

Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgt eftirfarandi reglum:

19.3 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.

19.4 Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.

19.5 Þótt gera megi ráð fyrir, að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir, að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknis meðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.

19.6 Ef slasaði deyr eftir að meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati, sbr. 19.4 og 19.5.

19.7 Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

20. Bætur við tímabundinn missi starfsorku - Dagpeningar

Valdi slys tímabundnum missi starfsorku greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru á slysdegi og síðan á hverjum tíma meðan starfsorkumissir varir, sbr. 11. og 12. gr.

Dagpeningar greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá þeim degi sem ákveðinn er í skírteininu og þar til hann hefur endurheimt starfsorku sína, þó eigi lengur en í þann hámarksbótatíma, sem skírteinið ákveður og eigi fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi.

Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka

dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli nauðsynlegra læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.

21. Bætur vegna tannbrots

Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slyss. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 5% af örorkutryggingarupphæðinni vegna hvers slyss og samantlagðar greiðslur vegna slysa á einu váttryggingarári við 7,5% af sömu upphæð.

Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem verða við vinnuslyss, sbr. lög um almannatryggingar, eða brot sem ber að höndum þegar sá sem tryggður er matast.

III. SJÚKRATRYGGING

22. Váttryggingarvið

Félagið greiðir bætur við starfsorkumissi af völdum sjúkdóms er sá sem tryggður er verður fyrir á annan hátt en við slyss.

Sjúkratímabil er það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku er fyrir hendi af völdum sjúkdóms, hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar. Bætur fyrir tímabil þegar um einangrun í sóttkví er að ræða á heimili eða á sjúkrahúsi að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda greiðast á sama hátt og við sjúkdóma.

Váttryggingin bætir ekki starfsorkumissi sem kona verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla. Í slíkum tilfellum er biðtími eigi skemmri en einn mánuður.

Með biðtíma er átt við það sjúkratímabil sem samkvæmt skírteininu á að líða áður en bótagreiðslur hefjast.

Váttryggingin nær ekki til:

22.1 Sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttryggingin gekk í gildi, nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistöku og veitt váttrygginguna þrátt fyrir það.

22.2 Sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni á tímabili þegar váttryggingin var úr gildi, nema félagið hafi vitað um sjúkdóminn þegar váttryggingin tók gildi að nýju. Sama gildir um versnandi heilsufarsástæður sem rekja má til þess tímabils þegar váttryggingin var úr gildi.

22.3 Sjúkdóms, sem orsakast hefur af notkun áfengis, deyfí- og eiturylfja.

23. Bætur við varanlega örorku

Valdi sjúkdómur þeim sem tryggður er varanlegri örorku greiðast bætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem í gildi var við upphaf sjúkratímabilsins, sbr. 11. og 12. gr.

Vegna algerrar örorku greiðist öll váttryggingarupphæðin en við minni örorku hlutfallslega eftir orkumissi.

Við ákvörðun örorku skal fylgt eftirfarandi reglum:

23.1 Lægri varanleg örorka en 25% bætist ekki.

23.2 Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir upphaf bótaskylds sjúkratímabils og eigi síðar en þegar greiðslum dagpeninga lýkur sbr. 24. með hliðsjón af ástandi hins sjúka þá. Telji sá sem tryggður er eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó eigi lengur en þrjú ár frá upphafi seinasta sjúkratímabils.

23.3 Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins sjúka kunni að breytast, skal framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir upphaf seinasta sjúkratímabils og ber þá að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins sjúka megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.

23.4 Örorkubætur eru ekki greiddar ef sjúkratímabil hófst eftir að váttrygging féll úr gildi.

24. Bætur við tímabundinn missi starfsorku - Dagpeningar

24.1 Valdi sjúkdómur þeim sem tryggður er

tímabundnum missi starfsorku, er nemur 50% eða meira, greiðir félagið dagpeninga þá sem í gildi voru við upphaf sjúkratímabilsins og síðan á hverjum tíma meðan starfsorkumissirinn varir, sbr. 11. og 12. gr., frá og með þeim degi, sem ákveðinn er í skírteininu.

Við 100% starfsorkumissi greiðast dagpeningar að fullu en við minni starfsorkumissi, 50% eða meiri, sami hundradshluti af þeim og starfsorkumissirinn er metinn. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.

24.2 Bætur fyrir sama sjúkdóm eða sama sjúkdómstílfelli greiðast eigi lengur samanlagt en í það tímabil sem skírteinið kveður á um. Sama gildir um sjúkdóma, þar sem tengsl eru á milli læknisfræðilega séð.

Þegar skemmra er á milli sjúkdómstílfella en sem nemur tímabili er að lengd jafngildir því hámarki bótatímabils sem skírteinið ákveður, gildir sú regla að sjúkratímabilin eru lögð saman og bætur eru ekki greiddar lengur samanlagt en í þann árafjölda sem kveðið er á um í skírteininu. Þegar nýtt sjúkratímabil hefst innan tólf mánaða frá því að sjúkratímabili lauk, styttist biðtíminn um samantlagða lengd sjúkratímabila sem voru lengri en 7 dagar og féllu í heild eða að hluta innan þessara tólf mánaða. Fyrir hið nýja sjúkratímabil gildir þó minnst 7 daga biðtími, sé ekki missir starfsorku augljóslega bein afleiðing af fyrri sjúkdómi.

24.3 Þegar váttryggingin er tekin, ber að miða bótaupphæð við þann tekjumissi er sá sem tryggður er mundi verða fyrir vegna sjúkdómsins. Til tekna teljast í þessu sambandi hverjar þær bætur og greiðslur er sá sem tryggður er á rétt á annars staðar frá á bótatímabilinu.

24.4 Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.

Skilmálar nr. AA119.

Gilda frá og með 01.01.2002.

Til upplýsingar:

Eftirtaldir aðilar hafa með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála, er rísa kunna af váttryggingu þessari: Tjónanefnd váttryggingarfélaganna og Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir að engu leyti rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi. Nánari upplýsingar veitir starfsfólk félagsins.